

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	18. ágúst 2023 kl. 8:30-12:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	13
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður, Höskuldur H. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Ingileif Jónsdóttir og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir varamaður <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir og Örvar Gunnarsson <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir, skrifstofustjóri.
Fjarverandi:	Björn Zoéga, formaður
Gestir:	Gunnar Ágúst Beinteinsson, Bryndís Guðmundsdóttir, Magnús Gottfreðsson, Ólafur Guðbjörn Skúlason, Tómas Þór Ágústsson og Þórir Svavar Sigmundsson.
Fundarstjóri:	Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Fastir liðir – kl. 11:00 – 12:30

Samþykkt fundargerða

Mikilvægi þess að hægt sé að rekja viðfangsefni innan spítalans í fundargerðum stjórnar áréttað.

Stjórnarmenn deildu þeirri skoðun sinni að þörf væri fyrir beinskeyttari afstöðu stjórnar í fundargerðunum. Fundargerðir stjórnar auk ályktana séu þau töl sem stjórn hefur til að beita sér fyrir málum spítalans.

Gerðar fáeinar breytingar á orðalagi og ákveðið að fundargerð verði samþykkt á næsta fundi. Í tengslum við umræður um breytingar á orðalagi fundargerðar er rætt um mikilvægi þess að Landspítali hafi aðkomu að undirbúningi Sjúkratrygginga Íslands og heilbrigðisráðuneytisins vegna gerðar samninga um þjónustu sem hefur áhrif á Landspítala, mannauð spítalans og möguleika til framþróunar. Í þessu samhengi áréttar forstjóri mikilvægi þess að miðlægur biðlisti verði til innan heilbrigðisþjónustu.

Bókun: Stjórn telur mikilvægt að unnið verði að eðlilegu jafnvægi milli starfsemi opinberra stofnana og aðila sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Stjórn telur rétt að samráð verði haft við Landspítala áður en samningsmarkmið eru skilgreind og ákveðið að fela Sjúkratryggingum Íslands að semja um heilbrigðisþjónustu.

Skýrsla forstjóra

Þórir Svavar Sigmundsson, nýr framkvæmdastjóri skurðlækningaþjónustu og skurðstofu- og gjörgæsluþjónustu, kynnir sig og segir frá skurðlækningaþjónustu í Svíþjóð, þar sem hann starfaði síðast, þ.á m. hvernig höfð sé yfirsýn yfir biðlista.

Forstjóri upplýsir um breytingar á skrifstofu forstjóra. Farið yfir meginhlutverk skrifstofunnar og upplýst um ráðningu innri endurskoðanda og skjalastjóra. Einnig upplýst að starfsmaður hafi verið fluttur tímabundið til í starfi inn á skrifstofu forstjóra til að bregðast við sjónarmiðum og ábendingum frá sjúklingum og aðstandendum um þjónustuna.

Sumarstarfsemin rædd og Starfsemisupplýsingar Landspítala kynntar. Mikill undirbúningur að baki ásættanlegum árangri í starfseminni í sumar. Lyf- og bráðaþjónustan er í öndvegi og það sem af er ári hefur aukning verið á öllum sviðum þeirrar þjónustu, t.d. 36% fjölgun sjúklinga sem liggja innan sérgreina. Rafaela hjúkrunarþyngdarmælitæki sýnir einnig aukna hjúkrunarþyngd.

Farið yfir upplýsingar um fjölda ferðamanna og aukið álag í starfseminni vegna þeirra en spítalakomum úr þessum hópum ferðamanna hefur fjölgað mikið, eins og við er að búast. Ferðamannafjöldinn hefur ekki náð því sem var árið 2019 en þeim sem sækja þjónustu spítalans hefur samt fjölgað. Einstaklingar sem koma af skemmtiferðaskipum eru ekki inni í heildartölum yfirvalda yfir ferðamenn en margir úr þeim hópi ferðamanna sækja þjónustu Landspítala. Rætt um hvernig spítalinn fái greitt fyrir þá þjónustu sem ferðamönnum er veitt svo og fyrir þjónustu við hælisleitendur en þeim fer fjölgandi með tilheyrandi auknu álagi á Landspítala.

Rúmanýting kynnt en hún er gríðarlega há. Rúmanýting var yfir 100% á spítalanum í júlí. Tölur sýndar yfir öll svið spítalans en rúmanýting var yfir 100% á innan skurðlækningaþjónustu spítalans (104% í júní og 102% í júlí), hjarta-, æða- og krabbameinsþjónustu (107% í júní og 106% í júlí), lyflækninga- og bráðaþjónustu (109% í júní og 109% í júlí) og innan öldrunar- og endurhæfingarþjónustu (105% í júní og 104% í júlí). Þau svið sem ekki höfðu yfir 100% rúmanýtingu voru geðsvið (93% í júní og 95% í júlí) og kvenna- og barnaþjónusta (79% í júní og 73% í júlí). Yfirstjórn spítalans hefur verið að þróa aðferðir til að létta á bráðamóttöku með samstilltu átaki legudeilda um innlagnir og útskriftir og hefur þetta í för með sér að rúmanýting verður stöðugt gríðarlega há.

Flæði sjúklinga síðastliðna 10 daga kynnt. Meðalbiðtími einstaklinga sem ákveðið hefur verið að leggja inn kynntur. Biðtíminn hefur dregist verulega saman eftir að áhersluverkefni um að létta á bráðamóttöku á skipulagðan hátt með samstilltu átaki legudeilda um innlagnir og útskriftir fór af stað. Meðaltími er oft 14-18 tímar en þó breytilegur. Áður en nýtt verklag tók gildi var meðaltíminn oft og tíðum yfir 24 klst. Árangur hefur þannig náðst fyrir tilstilli nýja skipulagsins á innlögnum og útskriftum á legudeildum.

Forstjóri upplýsir stjórnina um áhyggjur af því að ekkert úrræði sé í kortunum sem muni létta á fjölda einstaklinga innan spítalans með færni- og heilsumat. Vífilsstaðir ræddir og staðan þar. Enn ekki komin full nýting á Vífilsstöðum eftir að Landspítali fór þaðan, úrræði sem átti að létta á spítalanum. Landspítali rak þar 44 rými til síðustu áramóta þegar Heilsuvernd tók við rekstrinum. Fram eftir ári var aðeins lítið brot af þessum rýmum í notkun vegna ástands húsnæðis Vífilsstaða, þ.e. 16 rúm framan af og nú 26 rými. Beðið er eftir opnun 16 rýma sem hafa ekki enn verið tekin í notkun. Einnig er tilbúin 19 rúma deild á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem mætti nýta sem hjúkrunarrými eða biðrymi fyrir einstaklinga með færni- og heilsumat. Ekki hefur tekist að opna þá deild vegna þess að ekki hefur verið hægt að manna hana að fullu

Í upphafi vikunnar voru 66 einstaklingar á Landspítala með samþykkt færni- og heilsumat, lítill hluti þeirra er enn veikur. Á hverjum tíma eru um eða yfir 100 einstaklingar inniliggjandi á spítalanum sem ættu að vera í annars konar úrræði. Kostnaður hvers rýmis innan spítalans ræddur og mikilvægi þess í fjárhagslegu samhengi að einstaklingar með færni- og heilsumat liggi ekki á stofnun eins og Landspítala.

Stjórnarmenn kalla eftir kynningu frá heilbrigðisráðuneytinu á opnun nýrra rýma og framtíðaráform í nýjum hjúkrunarrýmum.

Framkvæmdasýsla ríkisins rædd og hennar aðkoma að verkefnum sem tengjast spítalanum. Stjórn lýsir áhyggjum af stöðunni í ljósi umræðna og telur rétt að bregðast við með því að óska eftir upplýsingum um vinnulag og áform stofnunarinnar.

Stjórn lýsir áhyggjum af stöðunni innan framkvæmdasýslu ríkisins og felur forstjóra að gera fyrirspurn um vinnulag stofnunarinnar.

Forstjóri áréttar að grunnurinn að öllu sem þarf að lagfæra á spítalanum er ná tökum á fráflæðisvandinum.

Bókun: Stjórn ákveður að sett verði saman erindi til heilbrigðisráðherra þar sem varpað er ljósi á tölfræði og stærðargráðu fráflæðivandans og óskað eftir upplýsingum um hvernig yfirvöld sjái fyrir sér að takast á við þessa stöðu þannig að hægt verði að reka spítalann í samræmi við hlutverk hans.

Forstjóri upplýsir um málþing sem haldið verður 11. október um öldrunarmál undir yfirskriftinni *Styrkjum böndin, samfella í heilbrigðisþjónustu við aldraða*. Forstjóri áréttar mikilvægi þess að á málþinginu verði þessi krefjandi málaflokkur ræddur og sú erfiða staða sem uppi er og komist að niðurstöðu um lausnir.

Rætt um þær aðgerðir sem farið hefur verið í af hálfu yfirvalda, t.d. breytingu á hvíldarrýmum í biðrymi og hættuna sem því fylgi. Það sé einungis skammtímaúrræði sem geti komið í bakseglin. Einnig vakið máls á því að mikilvægt sé að spítalinn fjalli um að þau áform sem nú eru uppi um byggingar í heilbrigðisþjónustu dugi ekki til að mæta þjónustubörf.

Rætt um skurðstofunýtingu og þróun skurðaðgerða á Landspítala sem hafa aukist mjög að umfangi. Rætt um mönnunarmódel í því samhengi og það sem kalla mætti “skurðstofumeningu.” Í henni felst meðal annars það að ekki hefur verið venja að sjúkraliðar starfi á skurðstofum á Landspítala.

Breytingar á stjórnskipulagi ræddar. Stjórnin hefur reglulega fengið upplýsingar um framgang vinnunnar við þær, m.a. gögn um stöðuna og um vinnu ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey. Framkvæmdastjórn verður með vinnufund í næstu viku og síðan í lok mánaðar þar sem þetta verður mikið til umfjöllunar. Stjórnarmönnum boðið að koma og fylgjast með umræðum. Verið er að ráðast í umfangsmeiri breytingar en líklega nokkru sinni áður á spítalanum.

Forstjóri upplýsir stjórn um skort á stjórnunarabyrgð í framlínu og samhæfingu og að ólíkt sé farið ábyrgð milli eininga og sviða. Innan framkvæmdastjórnar hafi verið ræddar sex mismunandi leiðir til breyttra stjórnunarháttá. Í því sambandi var kannað hvernig þessum málum væri háttað hjá hinum ýmsu háskólasjúkrahúsum erlendis en algengt er að lykilstjórnandi fari fyrir kjörnum og stýri lækningum og hjúkrun. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að stjórnendastöður miðist ekki við ákveðnar stéttir heldur sé horft til hæfni einstaklinga í stjórnun og leiðtogafærni óháð stéttum. Rætt var um leiðir til framgangs innan spítalans og skort á tækifærum fyrir fólk til að vinna sig upp sem stjórnendur. Áheyrnarfulltrúar starfsmanna vekja máls á því annars vegar að þeir sem taki að sér hlutverk stjórnenda fái oft litla umbun fyrir það umfram aðra og hins vegar að fleiri fagstéttir spítalans verði sýnilegar í breyttu stjórnskipulagi.

Forstjóri upplýsir að eitt af því sem McKinsey skoðaði hafi verið þörf innan eininga fyrir stoðþjónustu. Yfirbygging innan Landspítala hefur ítrekað komið til umræðu, skrifstofustörf og slíkt, og var niðurstaða McKinsey sú að það þyrfi að styrkja stoðþjónustu verulega, sérstaklega á stóru sviðunum, lyflækninga- og bráðaþjónustu og skurðþjónustu. Það ætti bæði við um verkefnastjórnunarlegan stuðning en einnig mannauðsstuðning og rekstrarstuðning.

Forstjóri fer stuttlega yfir önnur áherslumál sem tengjast stjórnskipulagsbreytingunum og starfsemi spítalans, m.a. DRG-innleiðingu, kjaramál, starfsáætlun o.fl.

Fjármál

Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri rekstrar og mannauðs, og Bryndís Guðmundsdóttir, áætlanastjóri, koma inn á fund. Staða fjármála kynnt og rædd.

Farið yfir júníuppgjör sem sýnir 5,5% halla, ekki mikla breytingu frá marsuppgjöri. Stærstu liðirnir eru kjarasamningshækkunarir sem eru ekki enn að fullu bættar og hækkun á leyfisskuldbindingu. Endurmat á samningi Læknafélags Íslands mun þó koma og bæta stöðuna. Síðan eru það kostnaðaruki vegna ákvörðunar um greiðslu viðbótarlauna og Covid-kostnaður. Undirliggjandi rekstrarhalli nemur innan við 1%.

Landspítali hefur nú þegar sent afkomugreinargerð til heilbrigðisráðuneytisins. Undirliggjandi halli er á klínískum sviðum vegna umframálags og yfirlagna sem eru víða á deildum. Breytileg yfirvinna hefur þó dregist saman og árangur náðst á deildum sem hafa verið í vanda. Óleystur er vandi vegna kostnaðar við fjölda námslækna og fjárþarfar í upplýsingatækni. Tekjur eru hins vegar að fást umfram áætlun vegna ósjúkratryggðra.

Farið var stuttlega yfir Starfsemisupplýsingar Landspítala þar sem er áberandi að aukin þjónusta hefur verið veitt milli ára. Skráningu þarf að bæta en vegna samkomulags við heilbrigðisráðuneytið verður fyrri hluti árs uppreiknaður. Ástæður ónógrar skráningar ræddar og taldar felast í samblandi af skorti á aga, breyttu verklagi og mönnunarvanda svo og að áhersla væri á að veita þjónustuna sem í sumum tilfellum kæmi niður á skráningunni. Undirmönnun í stoðþjónustu væri lykilaþáttur sem og að virkja starfsfólk betur í því að skrá upplýsingar jafnóðum. Mikilvægt talið að þjálfa upp teymi í skráningu og efla þátt heilbrigðisgagnafræðinga í gagnavinnslnni. Í Bandaríkjunum sjá kóðunarteymi um þetta allt, þau tryggja að ekkert vanti inn í kóðunina og fara einnig yfir villuflokkunina. Byggja þarf upp slíkan mannauð.

Farið yfir framleiðsluspá og framleiðsluáætlun frá árinu 2019 og þróunina. Spáin byggir á mannfjöldaspá og eftirspurn eftir þjónustu. Farið yfir áhrif þjónustutengdrar fjármögnunar á fjárhag.

Frávik frá áætlun kynnt en gert er ráð fyrir halla upp á um 750 m.kr. Verði þjónustuaukningin bætt með fjárveitingu ætti rekstur að verða hallalaus.

Gunnar Ágúst Beinteinsson og Bryndís Guðmundsdóttir víkja af fundi.

2. Mönnun

Tómas Þór Ágústsson og Ólafur Guðbjörn Skúlason koma inn á fund.

Ólafur fer yfir mönnun í hjúkrun. Dæmigert sumar, færri starfsfólk og mikið álag en minna um óánægjuraddir meðal starfsfólks. Nokkrar veirusýkingar meðal starfsfólks. Mikil yfirvinna hjá starfsfólki og fólk kemur þreytt undan sumri. Há rúmanýting og mikil hjúkrunarþyngd á mörgum deildum.

Rætt um mönnunarmódeli og tengsl þeirra við hjúkrunarþyngd sem hefur aukist síðustu ár. Flokkarnir gulur og rauður fara vaxandi.

Farið yfir ástæður þess að sumarið hefur gengið vel. Skipulag starfs hjúkrunarnema á deildum var betra en síðustu ár. Einnig hefur gengið vel með nema sem hafa verið við störf. Búið er að setja á dagskrá móttökudag á menntadeild þar sem allir nýir starfsmenn fá fræðslu. Handleiðsla hefur einnig aukist mikið. Vikulegir fundir voru í sumar fyrir deildarstjóra þar sem veittur var stuðningur og gengið í þau verkefni sem stóðu út af. Sumarleyfi voru í heild skipulögð betur nú en jafnan áður og var áhersla lögð á mikilvægi framhalds á því og að hafa gott samráð við bæði stéttarfélög og starfsfólk fyrir næsta sumar.

Farið yfir haustið og við hverju megi búast. Áhersla verður lögð á mönnun og þær deildir sem eru í vanda, auk starfsþróunarárs. Mikilvægi starfsþróunarársins í því að laða að hjúkrunarfræðinga til starfa undirstrikað. Staðan í maí var þannig að það vantaði 138 stöðugildi hjúkrunar. Sérstök áhersla verður lögð á að greina þennan skort mjög vel.

Framtíðaráherslur innan hjúkrunar kynntar. Met í fjölda hjúkrunarfræðinga sem hefja starfsþróunarár. Veikindatíðni hefur dregist saman og verður áfram áhersla lögð á að minnka veikindahlutfallið.

Upplýst um ásókn í nám í hjúkrun þetta árið sem er ekki eins mikil og oft áður. Stutt er síðan met var í ásókn í hjúkrun.

Tómas segir frá heildarfjölda lækna á spítalanum og leggur í kynningu sinni áherslu á mönnun sérnámslækna og þær breytingar sem hafa orðið á sérnámi síðan árið 2015 þegar reglugerð um það tók gildi.

Nú eru lækna í sérnámi orðnir mjög stór hluti af læknahópi spítalans og í því felast ýmis tækifæri. Meðal annars vinna sérnámslækna eftir marklýsingum sem eru alþjóðlegar og fylgir því krafa um að sitja próf en einnig stífar kröfur um færni. Landspítali hefur viðhaldið vottun á sérnámi sem snýst fyrst og fremst um að spítalinn uppfylli kröfur um að geta boðið upp á það. Sérnámslækna þurftu árum saman að vera nánast alfarið erlendis en nú haldast þeir innanlands og í vinnu á spítalanum. Í því felast ýmis tækifæri fyrir spítalann.

Farið yfir þær greinar sem hægt er að stunda fullt nám í. Fjármagn hefur ekki fylgt neinu af því sem við kemur sérnámi lækna en viðbótarkostnaður stofnunarinnar vegna þessa telst í milljörðum.

Nýverið tók ný reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Þær breytingar sem hún hefur í för með sér kynntar og ræddar en hvernig haldið er utan um sérnám lækna er með henni allt orðið mun formlegra og skýrara en áður var. Uppbygging sérnáms lækna á Landspítala hefur að mest verið í samvinnu við Breta en hjá þeim er skipulag á slíku mjög gott. Innihaldið er samt ekki mjög frábrugðið því sem þekktist í Skandinavíu.

Farið yfir stjórnskipulag sérnámsins innan spítalans og talið mikilvægt að innleiða sérnámskerfið áfram með góðu skipulagi og aga. Fyrirkomulag vinnuframlagsins er skýrt. Yfirlækna bera ábyrgð á klíniska hlutanum en ekki náminu. Kennslustjórinn hefur vel skilgreint hlutverk sem snýr að náminu en yfirlæknirinn fer með ábyrgð á starfsmannabættinum. Upplýst að í samræmi við áherslur í nýju skipuriti þurfi mögulega að færa daglegan rekstur þessa hóps inn í framlínu stjórnunarskipulagsins og halda verði vel utan um stöðufjöldann.

Stjórn upplýst um að hefðbundinn kjarasamningur rími ekki vel við sérnám lækna.

Fjallað um að ein þeirra breytinga sem verði við setningu nýju reglugerðarinnar sé sú að hlutverk mats- og hæfisnefndar styrkist verulega og að nefndin muni halda utan um nýtt númerakerfi sérnáms í lækningum. Hingað til hafi ákvörðun um fjölda sérnámslækna yfirleitt verið tekin innanhúss en margir vilji hafa áhrif á þá ákvarðanatöku og þrýstingur á fjölgun sérnámslækna sé mikill. Þörf sé á miðlægrri ákvarðanatöku um fjölda lækna í sérnámi þar sem miðað verði við mannaflaspá og spá um eftirspurn. Ákjósanlegt sé að fyrirmæli komi frá ráðuneytinu um fjöldann og einnig um fjármagn til að standa straum af kostnaði við sérnámið.

Kostnaður vegna breytinganna ræddur en stærsti hluti hans eru laun.

Nýr samningur við sjálfstætt starfandi lækna ræddur og áhrif hans á starfsmenn Landspítala og fjölda þeirra sem eru í hlutastarfi á spítalanum. Stjórn lýsir áhyggjum af því að það sé orðið enn arðbærara að vinna utan spítalans. Mikilvægt verði að teljast að skilgreina vel hlutverk Landspítala og að ekki eigi að greiða öðrum samkvæmt samningi fyrir þjónustu sem réttilega eigi heima innan spítalans.

3. Vísindastarf

Ársskýrsla Landspítala 2022 kynnt í stuttu máli og fjallað um Vísindi á vordögum 2023, uppskeruhátíð vísinda á spítalanum.

Samantekt kynnt á árangursvísium um birtingar á vísindagreinum. Fjöldi birtinga virðist vera á hægri niðurlleið en er þó um 300 greinar á ári. Spítalinn stendur sig nokkuð vel en einföld talning segir takmarkaða sögu. Mikilvægt að hafa í huga að birting vísindagreina tekur langan tíma en tíminn frá því að hugmynd kviknar og þar til grein birtist er oft 3-5 ár og getur verið mun lengri. Til að meta árangur af birtingum þarf að rýna í heildarfjölda tilvitnana sem geta verið að safnast saman á löngum tíma.

Vakin athygli á ársskýrslu klínískis rannsóknarseturs og ársskýrslu heilbrigðisvísindabókasafns auk ársskýrslu heilbrigðistækniseturs og ársskýrslu vísindaráðs sem og að þessi setur eru fjármögnuð sameiginlega og að mikil samvinna og samlegð er milli stofnananna.

Fjallað um það að Landspítali er eitt stærsta þekkingarfyrirtæki landsins með um 6000 starfsmenn, víðtækt tengslanet, mikinn mannauð og að mörg tækifæri eru til rannsókna. Birtingum vísindagreina fækkar og mönnun er áskorun, bæði fyrir klínískan þjónustubátt en einnig fyrir kennslu og akademískar rannsóknir. Birting vísindagreina vegna rannsókna sem starfsfólk Landspítala leiðir hefur fækkað einna mest og er það áhyggjuefni. Á sumum sviðum stendur spítalinn sig vel, áhugi á vísindastarfi er til staðar, þjónusta við sjúklinga batnar og aðdráttarafl vinnustaðarins eykst.

Staða heilbrigðisvísinda á spítalanum kynnt og rædd. Farið yfir samantekt um árangur sem byggir á niðurstöðum ákveðinna gagnagreiningartóla í vísindum sem halda utan um birtingar og annað sem gefur vísbendingar um gæði rannsókna. Þegar skýrsla um Landspítala er skoðuð kemur ýmislegt í ljós svo sem að birtingar spítalans eru meira en 100% yfir heimsmeðaltali, en betri samanburður fyrir spítalann væri viðmið við háskólasjúkrahús á Norðurlöndunum. Hægt er að greina á hvaða sviði þær eru og þar með á hvaða sviði starfsmenn Landspítala standa sig vel. Hátt hlutfall meðhöfunda í vísindagreinum sýni hvað starfsmenn spítalans séu vel tengdir víða og af því geti fólk verið stolt. Starfsmenn Landspítala hafa verið iðnir í erlendu samstarfi og í því að tengjast fyrirtækjum innanlands og utan.

4. Önnur mál

-Starfsáætlun – dagskrá næstu funda

Stjórnarmenn telja rétt að fara yfir og meta hvað hefur verið gert síðan stjórnin tók við störfum. Áhyggjur af ytra umhverfi spítalans viðraðar sem og að stjórnin þurfi að beita sér frekar fyrir því að unnið verði að lausnum utan spítalans. Einnig þurfi að huga að innra starfinu, skráningu, gagnagreiningu og að styðja við innri breytingar. Enn fremur sé mikilvægt að stemma stigu við fjölda starfsmanna í hlutastörfum á spítalanum.

Næstu fundir stjórnar ræddir. Rætt um að óska eftir því að fulltrúar frá heilbrigðisráðuneytinu komi á fund stjórnar til að ræða áform um uppbyggingu hjúkrunarrýma. Einnig þurfi stjórnin að ræða með hvaða hætti hún hyggist beita sér, ræða fjármál og vinnulag frekar.

-Þórir S Svavarsson, nýr framkvæmdastjóri kynnir sig.